

Mál nr. 337/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 21. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 8. nóvember 2022, ásamt fylgiskali merkt úr „manual“.
3. Bréf lögmanns M, dags. 18. október 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M starfaði sem sundlaugarvörður í sundlaug X hinn 30. október 2019. Þann dag var hann við störf sín við að taka upp svonefndan ryksuguróbóta af botni sundlaugarinnar, sem hann kveðst hafa togað í með hægri hendi og á meðan hafi hann haldið í staur á sundlaugarbakkanum með vinstri hendi. Því er síðan lýst að staurinn hafi gefið eftir og þannig hafi M fengið slink á hægri öxlina. Í slysaskráningarblaði dags. 28. janúar (án tilvísunar til árs) er sambærilegu atviki lýst 24. október 2019 og einnig í rafrænni tilkynningu X til Vinnueftirlitsins dags. 30. janúar 2020 og tjonstilkynningu M til V dags. 8. maí 2020. Í læknisfræðilegum gögnum og leiðréttingu frá lögmanni M kemur fram að tjonstilvikið hafi átt sér stað á sunnudeginum 27. október 2019. Í sjúkraskrá M er getið um annað tilvik daginn eftir þar sem M var að lyfta þungri ruslatunnu og þar getið um annan slynk á sömu öxl sem og smell í henni. M var síðan greindur með rifu á sin í segulómum 5. nóvember 2019 og gekkst undir aðgerð í janúar 2020.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hans þar sem X hafi ekki gætt að almennum hátternisreglum laga nr. 46/1980 um að gæta öryggis starfsmanna við framkvæmd vinnu. M telur að sú aðferð sem notuð hafi verið til að toga svonefndan ryksuguróbót upp úr sundlaug X með handafla eins manns hafi verið óforsvaranleg og X hafi borið að útvega hjálpartæki, t.d. einhvers konar gálga, til aðstoðar starfsmönnum til að ná róbótum upp úr lauginni þar sem fyllsta öryggis verði ekki gætt sky. framangreindum lögum öðruvísi. M kveðst oft hafa rætt um slíkt við yfirmenn sína og samstarfsfólk. Veðuraðstæður hafi verið Einnig bendir M á að hann hafi verið óvinnufær í nokkra daga frá atvikinu og líkamstjón hans ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins í samræmi við skyldu í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 og þannig verði X að bera hallann af sönnunarskorti um hvort M hafi fengið nægar leiðbeiningar um framkvæmd verksins og vísar um það til 2. málsliðar 15. gr. reglugerðar nr. 814/2010. Þar kemur fram að árlega skuli starfsmenn sundstaða frá viðeigandi þjálfun í meðferð tækja, þar með taldra mælitækja, búnaðar og efna vegna hreinsunar vatns. Einnig vísar M til reglugerðar um notkun tækja nr. 367/2006 og reglur nr. 499/1994 um það hvernig eigi að handleika byrðar þar sem komi fram að fyllsta öryggis skuli gætt og útvega eigi starfsmönnum hjálpartæki við að handleika byrðar. M telur að X hafi ekki farið eftir ákvæðum þessum og að það hafi verið auðvelt að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjon og sérstaklega hafi verið ástæða til þess við þær veðuraðstæður sem voru þann dag sem tjon M varð þar sem þá hafi verið snjócoma og háлка. Einnig bendir M á að þegar ryksuguróbótinn sé togaður upp þá megi gera ráð fyrir því að hann geti verið rúmlega 20 kg.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur skaðabótaábyrgð X ekki fyrir hendi. Í fyrsta lagi vísar V til þess að í læknisfræðilegum gögnum komi fram lýsing M á málsatvikum þannig að honum hafi brugðið við að stöng sem hann hélt í með vinstri hendi hefði gengið til og þannig kippt með þeirri hægri í róbótann. Einnig vísar V til atviks í sjúkraskrá sem átti sér stað daginn eftir þar sem M hafi verið að lyfta þungri ruslatunnu og þá fengið slynk á hægri öxl og heyrta smell. Einnig vísar V til þess að af læknisfræðilegum gögnum megi ráða V telur að farið hafi verið eftir leiðbeiningum í „manual“ fyrir róbótinn um hvernig ætti að ná honum upp úr lauginni og ósannað að M eða aðrir starfsmenn hafi gert athugasemdir við það verklag sem var þar gert ráð fyrir.

Álit.

Í málinu er tjónsdagur aðeins á reiki í tjónstilkynningum, en af öllum gögnum og bréfi lögmans M verður að gera ráð fyrir því að tjónsatvikið sem um er deilt hafi átt sér stað 27. október 2019. Í læknisfræðilegum og í athugasemdum lögmans M er vísað til þess að M hafi verið óvinnufær frá 31. október til 4. nóvember 2019. Verður ekki ráðið af þessu að X hafi vanrækt skyldu til tilkynningar vinnuslyss til Vinnueftirlitisins á grundvelli óvinnufærni M, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Einnig verður ekki talið að vanræksla á skyldum skv. 2. mgr. sama ákvæðis hafi áhrif á sönnunarstöðu í málinu, en atvik eru óumdeild og þeim lýst með sambærilegum hætti í tjónstilkynningum M og X, þ.e. að M hafi haldið í stöng á sundlaugarbakka með vinstri hendi og verið að toga í ryksuguróbot með þeirri hægri þegar stöngin hafi gefið sig eða hreyfst þannig að slynkur kom á hægri öxl M.

Ágreiningur er hins vegar um hvort X hafi gert ráðstafanir í samræmi við skyldur atvinnurekanda í lögum 46/1980 og reglum og reglugerðum þeim lögum til fyllingar. Sönnunarbyrði um það ber M skv. almennum sönnunarreglum. Í málinu kemur ekki annað fram en að verklag það sem viðhaft var við að ná ryksuguróbot upp úr sundlaug X hafi verið í samræmi við leiðbeiningar um róbotinn sjálfan. Engin sönnunargögn liggja því til grundvallar að M eða samstarfsmenn hans hafi gert athugasemdir við verklagið eða að því hafi verið breytt síðan. Af framlögðum gögnum málsins verður því ekki talið sannað að X hafi brotið gegn skyldum sínum skv. framangreindum lögum, reglum eða reglugerðum og þannig hafi ekki verið sýnt að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M hinn 27. október 2019.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X hjá V.

Reykjavík, 13. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir